



Ávarp Ólafs G. Einarssonar formanns bankaráðs á ársfundi Seðlabanka Íslands 30. mars 2005

Forsætisráðherra, hæstvirtu ráðherrar, forseti Alþingis, aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd bankaráðs Seðlabanka Íslands býð ég ykkur velkomin til þessa 44. ársfundar bankans og segi fundinn settan. Að loknum inn-gangsorðum mínum mun formaður bankastjórnar Birgir Ísleifur Gunnarsson ræða framvindu efnahags- og peningamála, stefnu bankans í peningamálum og framkvæmd hennar og horfurnar fram-undan. Að ræðu hans lokinni ávarpar Halldór Ásgrímsson forsætisráð-herra fundinn. Að loknum fundarstörfum býð ég fundarmönnum að þiggja veitingar.

Á fundi bankaráðs í dag staðfesti forsætisráðherra ársreikning bankans fyrir árið 2004 með áritun sinni. Ársskýrsla bankans fyrir árið 2004 er gefin út í dag og liggur frammi í lok fundarins.

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að um gerð ársreikningsins fari eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Forsætisráðherra setur nánari reglur um reikningsskil og ársreikning bankans. Innri endurskoðun í Seðlabankanum er í höndum aðalendurskoðanda sem ráðinn er af bankaráði og heyrir beint undir það. Einnig endurskoðar Ríkisendurskoðun bankann á hverju ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð tap á rekstri Seðlabankans á árinu 2004 að fjárhæð 6 milljarðar króna. Bókfært gengistap sem leiðir af áhrifum hækkunar á gengi íslensku krónunnar á fjárhæð gjaldeyris-forðans í krónum nam 6½ milljarði króna. Að gengistapinu slepptu varð hagnaður af rekstri bankans liðlega 500 milljónir króna. Vaxta-tekjur af erlendum eignum hækkuðu um 400 milljónir króna frá árinu áður en lækkuðu um 1,8 milljarða króna af innlendum eignum, enda lækkuðu kröfur Seðlabankans á innlendar lánastofnanir að meðaltali frá árinu áður. Þar munaði mest um að endurhverf viðskipti Seðla-bankans við lánastofnanir minnkuðu verulega að meðaltali frá árinu áður. Vaxtagjöld hækkuðu lítið frá árinu áður og hreinar vaxtatekjur að

frátöldu gengistapi minnkuðu um 1,5 milljarða króna. Rekstrargjöld bankans námu 1,3 milljörðum króna.

Þess má geta að seðlabankar ýmissa nágrannalanda urðu fyrir umtalsverðu reikningslegu tapi á síðasta ári af sömu meginástæðu og Seðlabanki Íslands. Gengi gjaldmiðla þeirra hækkaði gagnvart myntum sem eru fyrirferðarmiklar í gjaldeyrisforðum þeirra.

Heildareignir Seðlabankans námu tæpum 107 milljörðum króna í lok ársins 2004 og höfðu hækkað um liðlega 19 milljarða króna frá árslokum 2003. Erlendar eignir jukust um 7,4 milljarða króna og innlendar eignir um tæpa 12 milljarða króna, eingöngu vegna meiri krafna bankans á innlendar lánastofnanir í lok ársins 2004 en í lok ársins á undan. Að meðaltali voru þær þó minni 2004 en árið á undan eins og áður greinir. Innlendar skuldir bankans, þ.m.t. seðlar og mynt, jukust um liðlega 25 milljarða króna en bókfærðar erlendar skuldir stóðu nánast í stað og námu aðeins 1,7 milljörðum króna í lok árs 2004. Eigið fé bankans rýrnaði um 6 milljarða króna á árinu og nam 34,2 milljörðum króna í lok þess. Í árslok 2004 var eigið fé bankans 32,1% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings samanborið við 46,6% í lok ársins 2003.

Samkvæmt lögum er Seðlabanki Íslands gert að varðveita gjaldeyrisvarasjóð. Engar algildar reglur eru til um hve mikill gjaldeyrisforði skuli vera. Það ræðst m.a. af stærð viðkomandi hagkerfis, umfangi utanríkisviðskipta og fjármagnshreyfinga og síðast en ekki síst erlendum skuldum og samsetningu þeirra. Gjalddeyrisstaða Seðlabankans var orðin of rýr á árinu 2002 og brýnt orðið að efla hana til þess að treysta erlenda lausafjárstöðu þjóðarbúsins og þar með að styrkja undirstöður lánshæfismats íslenska ríkisins og annarra innlendra lántakenda á erlendum lánsfjármörkuðum.

Með því að halda gjaldeyrisforða er Seðlabankinn seldur undir gengisáhættu af völdum breytinga á gengi íslensku krónunnar sem hann getur ekki firrt sig og þeim mun meira sem forðinn er meiri. Breytingar á gengi krónunnar hafa engin áhrif á virði forðans í erlendum gjaldeyri eða kaupmátt hans í útlöndum. Hann þjónar tilgangi sínum óháð breytingum á gengi krónunnar. Reglur um reikningsskil Seðlabankans gera það hins vegar að verkum að breytingar á gengi krónunnar hafa bein áhrif á reiknaðan hagnað bankans. Frá árslokum 2003 til ársloka 2004 hækkaði gengi krónunnar samkvæmt opinberri gengisráningarfáttölu um 9,2% sem leiddi til 6,5 milljarða króna gengistaps Seðlabankans á árinu 2004 sem fyrr er greint. Gengistapið er fært

að fullu á rekstrarreikning bankans og skerðir reiknaða afkomu hans af fullum þunga.

Frá hausti 2002 til ársloka 2004 efldi Seðlabankinn jafnt og þétt erlenda stöðu sína með reglulegum kaupum á gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði. Í árslok 2004 nam gjaldeyrisfordinn 65,6 milljörðum króna og erlendar skammtímaskuldir bankans voru engar. Á miðju ári 2002 námu hreinar erlendar eignir bankans aðeins um 7 milljörðum króna. Af eflingu forðans og lækkun endurhverfra viðskipta lánastofnana frá því að þau voru mest á árinu 2003 leiddi að hlutur erlendra eigna í heildareignum bankans stækkaði úr 32% í lok árs 2002 í yfir 60% í lok árs 2004. Á sama tíma minnkaði hlutur erlendra skulda bankans úr tæpum 16% heildarskulda og eigin fjár í um 1½%. Afkoma Seðlabankans varð því mun næmari fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar en áður.

Vextir á alþjóðlegum mörkuðum hafa sem kunnugt er verið sögulega lágir að undanfögnu og voru enn á árinu 2004 sem endurspegladist í ávöxtun meirihluta eigna Seðlabankans, þ.e. gjaldeyrisfordans, og um leið í afkomu bankans. Engu að síður var ávöxtun forðans tiltölulega góð í erlendri mynt í samanburði við alþjóðlegar skuldabréfavísitölur sem bankinn hefur til hliðsjónar. Á sama tíma hafa vextir af innlendum skuldum bankans hækkað, enda er mikill meirihluti þeirra í íslenskum krónum. Af þessu er ljóst að hækking gengi krónunnar, sögulega lágir vextir á erlendum mörkuðum og hækking vextir á Íslandi hafði allt neikvæð áhrif á afkomu bankans á árinu 2004. Með sama hætti hafði ríkissjóður hag af þessum aðstæðum þar sem erlend lán hans lækkuðu mæld í íslenskum krónum og vaxtabyrði var tiltölulega létt. Hið sama gildi 2004 um aðra innlenda aðila sem skulduðu í erlendri mynt.

Sem fyrr segir námu rekstrargjöld bankans 1,3 milljörðum króna á árinu samanborið við liðlega 1,1 milljarð króna árið 2003 ef frá er talin sérstök gjaldfærsla á því ári vegna eftirlaunaskuldbindinga fyrrverandi starfsmanna Þjóðhagstofnunnar. Ársreikningur bankans er birtur í heild sinni í ársskýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Miklar breytingar urðu á starfslíði Seðlabankans á árinu 2004. Fjórtán starfsmenn hættu störfum eða fóru á eftirlaun en 11 starfsmenn voru ráðnir til starfa. Fjórir þeirra hófu þó ekki til störf fyrr en í ár. Að þeim meðtöldum voru starfsmenn 115 í árslok 2004, þremur færri en í árslok 2003. Starfsgildi voru 107,3 í lok ársins.

Meðal þeirra sem létu af stöfum á árinu voru Már Guðmundsson aðalhafþæðingur sem ráðinn var til starfa hjá Alþjóðagreiðslu-

bankanum í Basel. Már hafði starfað í Seðlabankanum frá árinu 1980 og verið aðalhafgræðingur bankans frá 1994. Í stað Más var Arnór Sig-
hvatsson ráðinn aðalhafgræðingur bankans. Sveinbjörn Hafliðason
aðallögfræðingur hætti störfum í lok ársins og fór á eftirlaun. Hann hóf
störf í bankanum 1965 sem lögfræðingur, var forstöðumaður lögfræði-
deildar um árabil og aðallögfræðingur bankans frá 1994. Í hans stað
var ráðin Sigríður Logadóttir. Ólafur Pálmason forstöðumaður safna-
deildar bankans lét af störfum á árinu. Hann hafði verið forstöðumaður
safnadeildar bankans frá árinu 1984. Á árinu var skjalahald skilið frá
safnadeildinni og fært í skjalastöð á rekstrarsviði bankans. Forstöðu-
maður safnadeildar var ráðin Valborg Stefánsdóttir og forstöðumaður
skjalastöðvar Eva Sóley Sigurðardóttir. Ég færi öllum þeim sem hættu
störfum í Seðlabankanum á liðnu ári bestu þakkir fyrir dygga þjónustu
í þágu bankans og býð nýja starfsmenn velkomna til starfa.

Siðast liðið haust tók Halldór Ásgrímsson við embætti forsætisráð-
herra af Davíð Oddssyni. Ég þakka Davíð einkar ánægjuleg samskipti
þau ár sem hann var ráðherra Seðlabankans. Á þeim árum voru Seðla-
bankanum sett ný og nútímaleg lög og umgjörð peningamálastjórnar
var breytt. Ég árna Halldóri allra heilla í starfi og vænti farsæls
samstarfs við hann. Hann er ekki ókunnugur innviðum Seðlabankans
því hann sat í bankaráði frá 1977 til 1983 og var raunar formaður þess
frá 1980.

Engin breyting varð á skipan bankaráðs á árinu 2004. Bankaráð hélt 22
fundi á árinu. Ég þakka fulltrúum í bankaráði einkar ánægjulegt sam-
starf og vel unnin störf. Þá þakka ég bankastjórn og starfsfólki bankans
mjög góð störf á liðnu ári og farsælt samstarf við bankaráðið.